



Akraneskaupstaður

---

# JAFNRÉTTIS- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN AKRANESKAUPSTAÐAR

---

**Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 26. nóvember 2019.**





## TILGANGUR OG MARKMIÐ

Jafnrétti og önnur mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands sem og fjölmörgum mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum sem Íslendingar eiga aðild að. Þar segir m.a. að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (hér eftir nefnd jafnréttislög) ber öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið Akraneskaupstaðar með gerð þessarar áætlunar er fyrst og fremst að tryggja bæjarbúum og starfsmönnum kaupstaðarins þau réttindi sem þeir eiga samkvæmt lögum, sem og einnig að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna og jafna þannig stöðu þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Jafnréttisáætlunin tekur í fyrsta lagi til Akraneskaupstaðar sem stjórnvalds, í öðru lagi til starfsmanna sveitarfélagsins og í þriðja lagi til þeirrar starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins bæjarins veita. Jafnréttisáætluninni er einnig ætlað að vera tilmæli til stofnana, félagasamtaka og annarra fyrirtækja sveitarfélagsins. Má því sjá að áætlunin snertir á mörgum ólíkum sviðum sveitarfélagsins.

Með stefnunni lýsir bæjarstjórn Akraness vilja sínum til þess að stuðla að jafnrétti í starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins með sérstökum aðgerðum. Er það gert til þess að samþætta jafnréttis- og mannréttindasjónarmið inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum sveitarfélagsins.

## Akraneskaupstaður sem stjórnvald

Samkvæmt 12. gr. jafnréttislaga skal Akraneskaupstaður að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefnd sem fjallar um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Velferðar- og mannréttindaráð Akraness fer með hlutverk jafnréttisnefndar.

Skal jafnréttisnefnd hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar til fjögurra ára í senn. Þar á meðal annars að koma fram hvernig skal unnið að kynjasamþættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðréttá skal mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.



Við skipun í ráð, nefndir og aðrar stjórnir á vegum bæjarins skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta á einnig við um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Þegar tilnefnt er í ráð, nefndir og stjórnir bæjarins skal ávallt þess gætt að tilnefna bæði karl og konu. Þó er heimilt að víkja frá því í undantekningartilvikum. Er sú undantekning heimil þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki sé mögulegt að tilnefna bæði karl og konu.

Akraneskaupstaður skal gæta að kynjasambættingu við stefnumótun og áætlanagerð sem unnin er á vegum sveitarfélagsins og gildir það sama um allar mikilvægar ákvarðanir, eftir því sem við á.

## Akraneskaupstaður sem atvinnurekandi

Akraneskaupstaður er stærsti atvinnurekandi sveitarfélagsins og þurfa allar stofnanir bæjarins að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga kemur fram að atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Þó eru til dæmi um slík störf hjá sveitarfélaginu, s.s. starfsmenn í kynjaskiptum klefum í íþróttahúsum og er því starfið einskorað við kyn. Þá er lögð sérstök áhersla á að jafna hlut kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Stofnanir Akraneskaupstaðar með 25 eða fleiri starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun og vinna markvisst að því að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem koma fram í lögnum og hér í þessari stefnu.

### *Launajafnrétti*

Akraneskaupstaður skal greiða einstaklingum sem starfa hjá sveitarfélaginu jöfn laun og skulu allir njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf samkvæmt 19. gr. jafnréttislaga. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt, óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar ekki fela í sér kynjamismun. Einnig er starfsmönnum heimilt að skýra frá sínum launakjörum kjósi þeir svo og var ákvæðið lögfest til að tryggja enn fremur launajafnrétti, þar sem launaleynd getur komið í veg fyrir að jafnréttislög nái markmiði sínu.



### *Laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun*

Akraneskaupstaður skal gæta þess að jafnrétti endurspeglit í ákvörðunum við ráðningar og uppsagnir starfsfólks, tilfærslu í störfum og viðfangsefnum þeim sem starfsfólki er ætlað að sinna. Ef kynjahalli er í tiltekinni starfsgrein skal það kyn sem er í minnihluta að jafnaði ganga fyrir við ráðningu ef umsækjendur eru jafn hæfir. Óheimilt er að mismuna kynjum til að mynda á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta.

Akraneskaupstaður skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf, samanber 20. gr. jafnréttislaga.

### *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs*

Akraneskaupstaður reynir eftir fremsta megni að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Með því er starfsmönnum gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Þar sem því verður við komið skal starfsfólk eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma. Hafa skal fundi sem minnst á þeim tímum sem þarf að sinna málefnum fjölskyldunnar, þ.e. á kvöldin eða um helgar og hvetja skal foreldra til að skipta með sér veikindadögum barna. Mikilvægt er að starfsmenn nýti sér þann rétt sem þeir eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og deili með sér fjölskylduábyrgð.

### *Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni*

Akraneskaupstaður líður ekki í neinni mynd kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni á vinnustöðum bæjarins. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber að binda enda á hana tafarlaust. Ef yfirmaður er sakaður um slíka hegðun er hann um leið vanhæfur til að taka ákvarðanir um málið. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni.

Akraneskaupstaður hefur sett sér vinnureglur um hvernig skuli bregðast við ef að einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðislegt áreitni á sér stað á vinnustað. Einnig skal bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustað.

## Akraneskaupstaður sem þjónustu- og samstarfsaðili

Við alla þjónustu Akraneskaupstaðar skal hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og á þjónustan að einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu kynjanna. Allir skulu hafa jafnan aðgang að þjónustu bæjarins. Taka þarf mið af þörfum þjónustuþega þegar ákvarðanir um tilhögun þjónustu eru teknar. Í þjónustu skal tekið tillit til þess að þarfir fólks eru mismunandi.

Þar sem uppeldisstarf fer fram hjá Akraneskaupstað skal ávallt gæta að jafnréttissjónarmiðum. Fólk sem starfar með ungmennum ber að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti milli kynja. Í 23. gr. jafnréttislaga kemur fram að kennslu- og námsgögn megi ekki vera þannig gerð að þau mismuni kynjum. Einnig skal leggja áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum sem á að búa einstaklinga undir jafna þátttöku í samfélaginu og í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Akraneskaupstaður veitir hina ýmsu styrki til íþróttá- og félagasamtaka svo eitthvað sé nefnt og gerir þá kröfu að iðkendum þeirra sé gert jafn hátt undir höfði. Ef starfsemin reynist þess eðlis að tækifæri og möguleikar kynjanna séu ekki jafnir skal leita leiða til úrbóta þegar í stað.

**Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 10. desember 2019.**

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,  


Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri



# Framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar fyrir tímabilið 2019-2022

## AKRANESKAUPSTAÐUR SEM STJÓRNVALD

Markmið	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgð	Kostnaður	Mælingar
Gæta skal þess í hvívetna að hlutfall kynja sé sem jafnast við skipun í nefndir, ráð og aðrar stjórnir á vegum Akraneskaupstaðar, sbr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 og 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.	Flokkar og bæjarfulltrúar í bæjarstjórn leita leiða í sameiningu til þess að gæta að kynjahlutfalli við tilnefningar í nefndir, ráð og aðrar stjórnir.	Í upphafi kjörtímabils og árlega samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.	Oddvitar flokkanna.	-	Jafnt kynjahlutfall.
Gæta skal að kynjasambættingu við stefnumótun og áætlanagerð sem unnin er á vegum Akraneskaupstaðar.	Akraneskaupstaður tileinki sér kynjaða fjárhagsáætlunargerð og kynjasambættingu við stefnumótun og ákvörðunartöku. Fyrstu skrefin eru fræðsla starfsfólks, embættismanna og bæjarfulltrúa.	Bæjarfulltrúar, embættismenn og forstöðumenn fá kynningu og fræðslu og skal því vera lokið fyrir árslok 2020.	Velferðar- og mannréttindaráð og eftir atvikum bæjarráð. Jafnframt bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	Kostnaður gæti komið til vegna fræðslu starfsmanna við kynjaða fjárhagsáætlunargerð.	Tíðnimælingar. Fjöldi námskeiða og vinnustofur ásamt þátttöku.
Akraneskaupstaður skal stuðla að aukinni jafnréttisvitund íbúa.	Ákveða tiltekinn jafnréttisdag Akraneskaupstaðar.  Veita árlega jafnréttisviðurkenningu.  Árleg jafnréttisfræðsla, opið öllum.	Í upphafi árs 2020.  Árlega.  Árlega.	Velferðar- og mannréttindaráð og eftir atvikum bæjarráð. Jafnframt bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	Kostnaður gæti komið til vegna fræðslufunda og viðurkenninga.	Skráning fjölda þeirra sem taka þátt í jafnréttisdeginum. Jafnréttisviðurkenning afhent árlega til fyrirtækja/stofnana.  Uppfylling aðgerðar, viðburðurinn hefur farið fram.

**AKRANESKAUPSTAÐUR SEM ATVINNUREKANDI**

Markmið	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgð	Kostnaður	Mælingar
Akraneskaupstaður skal greiða einstaklingum sem starfa hjá sveitarfélaginu jöfn laun og skulu allir njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf samkvæmt 19. gr. jafnréttislaga	Akraneskaupstaður tekur upp jafnlaunavottun til þess að framfylgja markmiðinu.	Fyrir lok árs 2019.	Bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	Kostnaður vegna aðkeyprar vinnu og upptöku kerfiseiningar fyrir jafnlaunavottun.	Úttekt vottunaraðila.
Akraneskaupstaður skal gæta þess að jafnrétti endurspeglis í ákvörðunum við ráðningar og uppsagnir starfsfólks, tilfærslu í störfum og viðfangsefnum þeim sem starfsfólki er ætlað að sinna.	Starfsauglýsingar bæjarins skulu vera kynhlutlausar nema eðli starfsins kalli á frávik.  Námskeið fyrir stjórnendur um ráðningar og val í starf.  Forstöðumenn og mannauðsstjóri sjá til þess að í ráðningarferlinu sé tekið tillit til jafnréttissjónarmiða þannig að ef karl og kona eru metin jafnhæf í starfið, þá sé ráðinn aðili af því kyni sem á hallar á vinnustaðnum.	Allt árið um kring.	Bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	Kostnaður vegna námskeiðs.	Greining á auglýsingum og aðferðarfræði stjórnenda. Greining framkvæmd í lok hvers árs og kynnt opinberlega.
Akraneskaupstaður skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf, samanber 20. gr. jafnréttislaga.	Allar stofnanir eiga að útbúa starfsþróunaráætlun. Áætlanir skulu ekki vera kynjamiðaðar.	Vinna skal að gerð starfsþróunaráætlana á árinu að vori 2020.	Mannauðsstjóri, aðrir embættismenn og forstöðumenn stofnana.	-	Að halda kyngreint bókhald yfir þátttöku starfsmanna á námskeiðum.



Markmið	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgð	Kostnaður	Mælingar
Akraneskaupstaður vill vera fjölskylduvænn vinnustaður.	Sveigjanlegur vinnutími og fundarhald sem minnst á þeim tímum sem þarf að sinna málefnum fjölskyldunnar.	Ávallt/árlega.	Bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	-	Rannsakað sérstaklega samhliða vinnustaðagreiningu.
Akraneskaupstaður líður ekki í neinni mynd kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustöðum bæjarins.	Uppfæra stefnu og aðgerðaráætlun í tengslum við kynbundið ofbeldi og kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Framangreind áætlun skal kynnt forstöðumönnum og öllu starfsfólki bæjarins. Ásamt því skal starfsfólk fá fræðslu um málefnið.	Árið 2019 verður aðgerðaráætlunin uppfærð. Rannsókn fer fram annað hvert ár, fyrst árið 2019. Fræðsla útfærð inn í starfsþróunaráætlun ár hvert.	Bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	-	Rannsakað sérstaklega samhliða vinnustaðagreiningu og brugðist við í samræmi við niðurstöðu.
Stofnanir Akraneskaupstaðar með 25 eða fleiri starfsmenn séu með jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun.	Skila árlega uppfærðu eintaki áætlunarinnar til Jafnréttisstofu.	Árlegt.	Bæjarstjóri, aðrir embættismenn og forstöðumenn.	-	Skil til Jafnréttisstofu.
Greina innan Akraneskaupstaðar hvar væri hægt að auka jafna stöðu kynja.	Hugsað sem rannsókn innan Akraneskaupstaðar á fyrstu stigum. Á eftir að útfæra nánar.	Framkvæmdartími 2021.	Velferðar- og mannréttindaráð.	Kostnaður vegna málstofu og e.t.v. rannsókna	Tíðni við málstofur, rannsóknir og eftir atvikum önnur atriði.



**AKRANESKAUPSTAÐUR SEM ÞJÓNUSTU- OG SAMSTARFSADILI**

Markmið	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgð	Kostnaður	Mælingar
Við alla þjónustu Akraneskaupstaðar skal hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og á þjónustan af einkennast að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu kynjanna. Allir skulu hafa jafnan aðgang að þjónustu bæjarins.	Kynna jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar sérstaklega og gæta þess að hún sé ávallt til hliðsjónar hjá starfsfólki og forstöðumönnum.	Kynning fyrir forstöðumönnum haust 2019. Kynning á mannauðsdegi Akraneskaupstaðar haust 2020.	Bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	-	Þjónustukönnun sveitarfélaga.
Taka skal mið af kynjasamsetningu vegna styrkveitinga til félagasamtaka og íþróttafélaga.	Yfirferð á úthlutunarreglum tryggi að þær mismuni ekki með kynbundnum hætti.  Til þess að fá fjármagni úthlutað skulu félagasamtök og íþróttafélög vera með jafnréttisáætlun þar sem m.a. kemur fram hvernig kynjasambættingar er gætt og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.	Árlegt við úthlutun styrkja.	Bæjarstjóri og aðrir embættismenn.	-	Yfirferð á úthlutunum.